

Páll Óskar Hjálmtýsson

4. febrúar 2018

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Halla Kristín Einarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Digital 4K

© Krumma films ehf.

*Halla: ...stutt retrospect á, því að fjórði þáttur byrjar á þér og svo þurfum við aðeins að tala um Moulin Rouge og dragshowin þar.*

Já!

*Halla: Mig langar að þú talir aðeins um, hverju telur þú að þessi dragshow hafi breytt? Byrja á að aðallega Moulin Rouge.*

Já. Einmitt. Þannig ég má byrja á að segja ykkur frá Moulin Rouge? Þannig lagað séð?

*Halla: Já já.*

Ok.

Ég var nýbúinn að sýna Rocky Horror í Iðná með MH, janúar 1991. Og þá bankar einhver á hurðina á Laugaveginum þar sem ég bjó og þar voru Maríus Sverrisson og Gísli vinur hans fyrir utan og sögðu: „Við ætlum að bjóða þér vinnu. Bara við það skemmtilegasta sem þú gerir.“ „Ó.“ „Að troða upp.“ Þeir voru sem sagt að plotta það að stofna og opna skemmtistað fyrir samkynhneigða og vini þeirra við Hlemm. Skemmtistaðurinn hét síðan Moulin Rouge og var staðsettur í kjallaranum þar sem Uppi og niðri var einu sinni nema hvað að núna, þetta hét einu sinni Kjallari keisarans, efri hæðin hét síðan einfaldlega Keisarinn og hýsti ógæfufólk og drykkjusjúklinga og við þarna kynvillingarnir fengum að vera niðri í kjallara. (Hlær).

*(Smá páska, eitthvað verið að laga)*

Það rúllar ennþá?

*Hrafnhildur: Já.*

Á ég að segja þetta aftur, á ég að byrja aftur upp á nýtt? Styttu þetta? Já. Ég var nýbúinn að sýna Rocky Horror með MH í Iðnó, janúar 1991, þegar það er bankað heima hjá mér og þar er Maríus Sverrisson og Gísli, vinur hans, fyrir utan að bjóða mér vinnu á sko nýjum skemmtistað sem þeir eru að fara að opna og þeir eru að verða skemmtanastjórar og þetta verður bara ótrúlega glamorous og dragshow á hverju einasta föstudags- og laugardagskvöldi. Og þeir vilja bara að ég verði ein af stjórnunum. Ég ákvað að hoppa um borð, mæti síðan upp á Hlemm þar sem Uppi og niðri var, skemmtistaðurinn sem var núna búinn að breyta í Keisarann á efri hæðinni og Moulin Rouge á neðri hæðinni. Keisarin hýsti ógæfufólk og drykkjusjúklinga og við hommarnir máttum vera niðri í kjallara. (*Hlær*). Þetta er alveg satt. Og svo bara, Maríus var aðaldriffjöðurin og var bara óþreytandi að ýta okkur áfram, það var sko æft stundum upp á hvern einasta dag, við þurftum alltaf að búa til ný og ný show af því það var alltaf sama fólkið í salnum, það var ekki hægt að bjóða þeim upp á sama showið hvert einasta kvöld. Og smám saman varð til svona draghópur, svona kjarni af drotningum sem vann stundum baki brotnu við að setja mjög metnaðarfull show á svið. Við gerðum *Cabaret* bara með Lizu Minelli, fjöldi fólks sem tók þátt í því. Ég og Maríus sungum alltaf allt live, ólíkt því sem við höfðum séð margar aðrar dragdrottningar gera úti í heimi að mime-a allt og lipsynca af plötum, nei. Við fengum sko Kalla Olgeirs píanóleikara til þess að spila undir hjá okkur og Kalli er líka séní í að improvisera og pikka upp bara hvað er að gerast og hann þurfti stundum að hafa sig allan við þegar Maríus fór á flug. Einu sinni var Maríus sem sagt vestur-íslenska country söngkonan Jane Þrúður Guðmundsen. Ég mun aldrei gleyma því þegar Maríus kemur fram klæddur í sitt versta country outfit vegna þess að ég og Maríus vorum ekki að keppast við að vera eitthvað forkunnarfagar dragdrottningar, vorum ekkert hræddar við að vera ljótar, krotuðum jafnvel í tennurnar í okkur ef við þurftum að vera völvur. Og Maríus kemur þarna fram sem Jane Þrúður Guðmundsen, tekur í míkrofóninn og byrjar að syngja: „Ég er brjáluð. Ég er brjáluð í að fíla mig, lonely. Ég er brjáluð, ég elska og brjáluð í þennan selskap.“ Þetta var Moulin Rouge. (*Hlær*).

*Halla: Hvaða áhrif hafði drag...*

Sko. Smám saman fara fjölmiðlar að hafa samband og ef að við Maríus höfðum ekki samband við þá. Og við gerðum okkur kannski ekki neina grein fyrir því þá en við vitum það

núna að drag er alveg ofsalega sterkt og fallegt verkfæri fyrir réttindabaráttuna. Dragdrottningar í eðli sínu heimta athygli og við föttuðum strax að það er allt í lagi, það er eiginlega bara hið besta mál að vera athyglissjúkur en þá þarftu líka að standa undir athyglinni sem þú heimtar. Um leið og það er ekkert kjöt á beinunum að þá verður þín athyglissýki þér einum að atlægi og getur orðið mjög neyðarleg. En við Maríus höfðum líka bara svo gaman að þessu og þetta var svo spennandi og nýtt, þetta varð tískufyrirbæri. Allt í einu voru bara allar árshátíðirnar farnar að taka upp drag, bara hestamannafélagið Fákur með árshátíð og allir í dragi. Og við Maríus erum síðan beðnir um að koma í kosningasjónvarp RÚV. Og þetta er vorið '91. Okkur var nefnilega sagt: „Þið megið gera það sem ykkur sýnist.“ Og þarna fengum við live hljómsveit, Magnús Kjartansson að útsetja og spila undir og ég kýldi bara á það að vera Dionne Warwick af því ég elska hana. Í dag væri þetta ekki vel séð, í dag væri þetta ekki politically correct að vera með blackface en ég var Dionne Warwick og þetta var alveg ást frá hjartanu. Og í stuttu máli sagt þá held ég að við höfum vakið meiri athygli en úrslit kosninganna. Sko.

*Hrafnhildur: Ef þú favorar eina hlið.*

Já ok.

*Halla: Var það ekki í kjölfarið á því að straight fólk fór að mæta alltaf?*

*Hrafnhildur: Jú, Logi var meira að segja, við eigum myndefni af Loga í dragi.*

Já. Í kjölfarið á kosningasjónvarpinu þá voru... Í kjölfarið á kosningasjónvarpinu þá vorum við beðnir um að troða upp hér og þar um landið. Ég hafði aldrei komið til Akureyrar. Ég kom til Akureyrar í dragi í fyrsta sinn og tróð upp á 1929 og straight fólk fór að mæta á Moulin Rouge. Þannig að þarna var búið að brjóta niður einhvern vegg eða allavega brjóta sprungu á eitthvað ósýnilegt gler sem hafði kannski verið til staðar allan tímann. Og ég get alveg trúað því að það sem skipti sköpum var að eftir alla eymdina og sorgina sem svo sannarlega okkar forverar þurftu að ganga í gegnum, eftir baráttu sem kostaði mjög marga annað hvort lífið eða geðheilsuna, að þá mætum við Maríus þarna mega hressar á svæðið og

Það var ekki vottur af fórnarlambstilfinningu, fórnarlambsstemningu í okkur heldur einmitt mættum við á svæðið og sögðum: „Hæ, við erum hommar. Við erum í dragi og okkur finnst við vera fabulous, en þér?“ Og heyrirðu muninn á þessu miðað við ef við hefðum komið og sagt: „Við erum hommar og við erum beittir svo miklu misrétti og órétti og okkur langar að vera í dragi og þið verðið að vera í liði með okkur og ef þið eruð ekki í liði með okkur þá eruð þið með fordóma.“ Heyrirðu? Þetta er ekki beint heillandi. Ef þú stendur í réttindabaráttu þá mæli ég með því að þú skiljir fýlusvipinn eftir heima. Vegna þess að þú verður að geta boðið fólki inn í herbergi til þín og taka samtalið þar. Á ég að prófa aftur? Á ég að segja þessa sögu aftur?

*Halla: Nei mér finnst þetta fínt.*

*Hrafnhildur: Nei þetta var mjög gott.*

*Halla: Þú segir þetta líka í gamla viðtalinu.*

Já.

*Hrafnhildur: En það er þá spurning hvort þú getur þá kannski tekið þetta heimfært þetta upp líka á Gay Pride vs. gömlu, gömlu kröfugöngunnar.*

*Halla: Já mig langar...*

*Hrafnhildur: Er það ekki?*

Já.

*Halla: Jú. Mig langar að þú talir svolítið um Gay Pride. Og þú náttúrulega ert búinn að vera með í því frá upphafi þangað til bara núna síðast. Þannig að ef þú talar aðeins um það hvernig þú fréttir af þessu og hvernig, hvað þú sást í þessum göngum. Til að byrja með og kannski hvernig þær breyttust.*

Ég var svo heppinn að eftir Eurovision í Dublin '97 að þá fékk ég að ferðast um alla Evrópu eins og hún lagði sig að troða upp á svona Eurovision thing, svona nördara thinga. En líka var ég beðinn um, af því að atriðið mitt var svo camp og yfir strikið, unapolagetic gay, að þá er ég beðinn um að troða upp á alls konar hinsegin hátíðum. Þarna fékk ég að upplifa á eigin skinni hvernig hinsigin hátíðir eru framkvæmdar. Og ég var svolítið duglegur að fylgjast með að tjaldaþaki og þessa punkta tók ég hreinlega með mér heim til Íslands. Af því þegar talið barst að því að við ætluðum að fara að fagna, og í rauninni halda upp á 30 ára afmæli Stonewall baráttunnar, 1999, að þá þurftum við að leggja hausinn í bleyti og spá í að: Eigum við að fara í göngu eða, ekki? Eigum við að þora þessu? Verður ekki bara sjötíu-og-eitthvað manns í göngunni eins og síðast? Þú veist, sem hljómaði ekkert voðalega sexí. Aftur á móti þá varð úr, við kusum að búa til svona söng- og tónlistarskemmtun á Ingólfstorgi og að þar kæmu fram hinsegin listamenn og vinir þeirra. Vitiði, ég átti von á 200 krökkum að skate-a á Ingólfstorgi. Ég átti von á að þau myndu standa þarna og hreinlega bora í nefið á sér. En svo mætum við þarna á Ingólfstorg og við vorum búin að vanda okkur svolítið að auglýsa þetta í fjölmiðlum. Ég var búinn að skottast með þetta á milli allra fjölmiðlanna með bæklinga sem við prentuðum. Og mér til mikillar furðu, þá mættu 1,200 manns á Ingólfstorg. Fjölskyldur okkar, vinir og fólk sem hafði fylgst með þessari baráttu og var kannski búið að vera svolítið á hliðarlínunni. Og þessi dagur var... Þessi hinsegin hátíð árið 1999 blés okkur kjark í brjóst vegna þess að...

*Hrafnhildur: Það hét Gay Pride*

Hét það? OK, flott. Þessi Gay Pride hátíð árið 1999 blés okkur kjark í brjóst og varð til þess að við þorðum að fara í göngu ári seinna.

*Halla: Gangan 2000. Fyrsta Gay Pride gangan.*

Gay Pride gangan? Já. Í sögulegu samhengi, hvar erum við stödd þá? Við í rauninni erum að fagna staðfestu samvistunni.

*Halla: Sem var '96. Og það hafði ekkert annað gerst. Attitudeið og það allt breytist eftir það. Sem sást þarna '99 á Ingólfstorgi. Fyrst farið að ræða það að halda alvöru Gay Pride.*

Sko staðfesta samvistin kikkar inn '96 þannig í rauninni er ekkert annað búið að gerast. Það var engin önnur ástæða til að fagna neinu, allt hitt var bara work-in-progress, dropinn holar steinninn. En Gay Pride hátíðin á Ingólfstorgi 1999 varð samt til þess að við þorðum að fara í göngu árið 2000. Höfðum ekki hugmynd um hvað við vorum að fara út í. En á '99 hátíðinni, þá var auðséð að einhver viðhorfsbreyting hafði átt sér stað. Og ég fann alla vega á sjálfum mér, þú veist mér var skítsama þótt ég færi í einhverja göngu á einhverjum trukk niður Laugavegin með vinum mínum úr leðurklúbbnum og þótt það væru 2000 manns, svona einhver nokkur sandkorn á Laugaveginum að fylgjast með, þá var mér skítsama. Ég vildi hreinlega bara þakka fyrir mig, að við værum þó allavega komin þetta langt. Ég mun aldrei gleyma þessari göngu árið 2000. Ég held að þetta sé einn merkilegast dagur í sögu réttindabaráttunnar. Ég mun aldrei gleyma fyrstu göngunni okkar niður Laugavegin árið 2000. Ég held þetta sé ein merkilegasta dagsetning allrar okkar réttindabaráttu. Við vorum búin að standa þarna saman upp á Hlemmi, við löggustöðina, og okkur grunaði ekki Gvend. Ég hafði ekki hugmynd um hvað biði okkar handan hornsins. Vegna þess að í nógu var að snúast. Að koma einhverjum mótór í gang, koma bensíni á einhvern rafmótór svo að hljóðkerfið myndi drullast í gang og eitthvað svona. Við vorum að pæla í þessu.

*(Borvél fer í gang)*

Ó nei.

*Halla: Er þetta á efri hæðinni?*

Þetta er ekki efri hæðin heldur hérna hinum megin.

*Halla: Beint hinum megin?*

Já. Geturðu stokkið, geturðu skottast og...

*Svona fólk*

Gay Pride gangan niður Laugavegin 2000 er örugglega ein merkilegasta dagsetning allrar okkar réttindabaráttu. Við höfðum fundið fyrir einhverri viðhorfsbreytingu árið áður, og þess vegna þorðum við að fara í gönguna niður Laugavegin ári seinna. Mér var skítsama hvernig hún kæmi út. Þótt það væri bara fólk á stangli á Laugarveginum eitthvað að vinka okkur, mér var alveg sama. Ég vildi bara þakka fyrir mig. Koma einhvers konar þakklæti út í kósmósið. Jæja, svo erum við að safnast saman þarna á Hlemmi við löggustöðina og okkur grunaði ekki Gvend. Við höfðum ekki hugmynd um hvað er að gerast handan hornsins af því við vorum bara upptekin að (*hermir eftir rafmótor að starta*) koma einhverjum bensínmótór í gang til þess að keyra hljóðkerfið upp á leðurtrukknum. Þú veist, við höfum mestar áhyggjur á þessu. Svo fer gangan af stað og ég mun aldrei gleyma því...

(*Borvél fer af stað*)

Nei.

—

Þú rúllar þegar þú rúllar. Einmitt. Þú veist, við höfðum ekki hugmynd hvað biði okkar handan hornsins þarna frá Hlemmi. Við vorum eiginlega meira upptekin af því að (*hermir eftir rafmótor að starta*) dúndra einhverju, bíddu. Við vorum meira upptekin af því að koma einhverjum rafmagnsmótórum í gang, rafgeymi, eða á maður að segja rafgeymi? Á maður að koma rafgeym...

*Halla: Þetta var meira svona bensínmótor. Til að búa til rafmagn fyrir hljóðkerfin.*

Já já.

*Hrafnhildur: Þetta heitir ljósavél.*

*Halla: Ljósavél?*

Er það?

*Hrafnhildur: Bensínmotor.*

Við vorum meira upptekin af því að koma einhverjum bensínmotor í gang (*hermir eftir bensínmotor að starta*) til að búa til smá rafmagn fyrir hljóðkerfið sem var uppi á leðurtrukknum. Þú veist, við vorum þarna. Og svo fer gangan af stað og ég mun aldrei gleyma því sem ég sá þegar við beygjum akkurat hjá Hlemmi og erum á leiðinni niður Laugavegin, þá blasti við mannhaf á báðum gangstéttum. Til beggja hliða sem biðu og veifuðu. Og bæði datt af mér andlitið, þetta var líka svona svolítið út úr líkamanum lífsreynsla vegna þess að eftir allt sem á undan var gengið og mér var sérstaklega hugsað til þeirra sem höfðu dáið og voru ekki þarna á svæðinu, ég fór allt í einu að hugsa til þeirra. Trukkurinn okkar fer framhjá Moulin Rouge á Hlemmi og það er akkurat þá sem að ég andvarpa, dreg djúpt andann og ég fann (*Blæs hægt frá sér*). OK, þetta var þess virði.

*Halla: Geturðu sagt okkur aðeins frá þróun, hvernig þetta þróaðist næstu árin? Og þegar þetta fer að breytast?*

Smám saman vex Gay Pride hátíðin bæði hvað varðar mannfjölda og umfang og við auðvitað lærðum alltaf meira og meira og betur og betur á þetta, hvernig á að gera þetta. En ég notaði venjulega sem mælistiku að hátíðin hafði loksins farið í miðtaugakerfið hjá þjóðinni þegar systkini mín voru farin að mæta. Það tók mig smá tíma nefnilega til að fá fjölskylduna til að mæta niður í bæ. Pabbi minn til dæmis, hann mætti aldrei. Hann dó árið 2002, þannig hann lifði ekki að sjá þessa hátíð vaxa svona og dafna. Og hann fussaði og sveiaði þegar ég bað hann um að koma. Reyndar þá frétti ég af því eftir á, eftir að hann var farinn að hann var farinn að sækja fundi uppi í Samtökunum '78, foreldrafundi. Svona aðstandendafundi. Og mér fannst ofsalega gott og fallett að heyra af því að hann hafi þó alla vega gert það bara síðasta árið sem hann lifði. Aftur á móti þá, ef ég hringdi í aðra fjölskyldumeðlimi, þá voru sumir þeirra, í sumarfríi og sumir með einhverjar aðrar afsakanir á reiðum höndum eða eitthvað slíkt. En eftir fimm ár af þessari göngu, ég mun aldrei gleyma því, þá hringir síminn

hjá mér rétt áður en gangan leggur af stað og þar var Ásdís, elsta systir mín, í símanum og hún spyr, „Heyrðu, hvar á ég að mæta?“ (*Hlær*).

*Halla: Manstu einhverja góða Gay Pride sögu frá þessum fyrstu árum?*

Það var gríðarlega fallett og stundum svolítið svakalegt að fylgjast með vaxtarverkjunum og vera inni í þeim miðjum eins og til dæmis þegar við vorum á Ingólfstorgi og Ingólfstorg gjörsamlega sprakk, þetta var held ég þriðja eða fjórða árið sem við gerðum þetta, 2002. Já, sorry ég ætla að byrja upp á nýtt.

Það var stundum svolítið svakalegt að fylgjast með vaxtarverkjunum og vera inni í þeim miðjum eins og Gay Pride hátíðin sem að var haldin 2002 á Ingólfstorgi og Ingólfstorg sprakk og börn og unglingar voru farin að planta sér hér og þar um torgið og jafnvel uppi á húspökum. Sem varð til þess að eitt, það var svona skermur einhver, átti bara að vera svona sólhlíf yfir Hlöllabátum, hrundi. Með fólki á. Guði sé lof að enginn hálsbrotnaði eða drapst. Svo man ég líka mjög vel eftir rigningunni 2003, rigningin sem átti ekki að koma og svo var þetta svona suður-amerísk heit hitabeltisrigning einhver sem akkurat dúndraðist yfir gönguna. Og ég og Kókó með hárkollur sem voru svona eins og ís með dýfu, þrefalt stærri en hausinn á okkur og það rigndi og ringdi og ringdi á hárkolluna og hárkollan safnaði í sig allri rigningunni sem varð til þess að hún varð að lokum 15 kg á þyngd, ég náði ekki að halda haus. Ég þurfti að hafa mjög mikið fyrir því að halda haus þessa göngu, og þetta er mjög- já. (*Hlær*) En sem betur fer þá bara löbbuðum við á þessa vegg og lærðum og við höfum ekki gert sömu mistökin síðan. Við sem betur fer lærum af mistökunum og núna er þessi ganga í sjálfu sér búin að... Og núna er þessi hátíð í sjálfu sér búin að öðlast eigið líf og... Er eitthverju við að bæta? Hmm. Nei.

Sko, ég get sagt ykkur. Ég hef nennt að far í þessa... eða bíddu. Ég hef farið í Gay Pride gönguna og Gleðigönguna eða hvað sem þið viljið kalla hana, ég hef farið í hana ár hvert vegna þess að ég vil gera ákveðinn sáttmála. Bíddu, ég ætla að gera þetta aftur.

Ég hef farið í Gay Pride gönguna, eða Gleðigönguna eða hvað sem þú vilt kalla hana núna í dag, ég hef farið vegna þess að ég vil gera sáttmála. Bíddu. Ég, já. Ég hef farið í Gay Pride gönguna, eða Gleðigönguna eða hvað sem þú vilt kalla hana, vegna þess að ég er að gera sáttmála við þjóðina. Það verður að endurnýja þennan sáttmála á árs grundvelli vegna þess að ef við gerum það ekki, þá gæti einhver þarna úti farið að halda að við séum að slaka á. Og það má ekki gerast. Svo er það bara að gerast. (*Hlær*)

[...]

*Hrafnhildur: Hefurðu orðið ástfanginn?*

Já. Ég hef orðið ástfanginn fjórum sinnum. Ekkert af þessu gekk upp, þeir dömpuðu mér allir. Þannig að, í stuttu máli sagt þá var ekkert mál fyrir mig að koma út úr skápnum. Easy peasy. Vandræðin byrjuðu þegar ég fór að verða skotin í öðrum gaurum og ég fer að elta við gaura sem höfðu engan áhuga á mér, voru bara ekkert góðir fyrir mig eða heppilegir eða voru með einhverjum öðrum gaurum fyrir það fyrsta, í föstu sambandi og höfnuðu mér allir. Og, þetta varð til þess að þegar, sko, eða sérstaklega þegar gaur númer þrjú dömpar mér á þann ógeðslegasta hátt sem hægt er að dömpa einhverjum á, að þá lokaði ég sjoppunni. Ég ákvað bara, OK sem sagt allir karlmenn eru svín og héðan í frá ætla ég bara að umgangast þá eins og svín, það var reyndar helvíti gaman, en að opna mig tilfinningalega fyrir einhverjum öðrum er búið að vera mega mega mál. Og mjög flókið. Og ég held, og ég er farinn að trúa því, að flestir hommar eru brotnir. Við erum brotið fólk. Við erum nær allir að dila við einhvers konar áfallastreituröskun sem byrjar og nær að sá fræjum sínum mjög snemma á lífsleiðinni og ég held að áhættutímabilið, þar sem við verðum fyrir áfallinu, sé venjulega frá augnablikinu þar sem við erum litlir strákar og föttum, við kveikjum að við erum ekki alveg eins og hinir. Svo byrjar klukkan að tifa „tsk tsk tsk tsk tsk“ og áhættutímabilinu þegar við komum út úr skápnum. Feluleiknum og með, allri þeirri orku sem það útheimtir og allri þeirri sálarkvöl sem að það getur orsakað, sko feluleiknum lýkur en eftir sitjum við með tímabil þar sem við vorum í skápnum, annað hvort fyrir sjálfum okkur eða öðrum, og á þessu viðkvæma tímabili getur ýmislegt gerst. Pabbi okkar segir eitthvað, þú veist, strákarnir í skólanum gera

eitthvað, við lesum eitthvað í blöðunum, við sjáum eitthvað í sjónvarpinu, við sjáum einhverja bíómynd, alls konar lítil fræ sem er plantað inn í okkur sem að gerir okkur það skýrt bæði leynt og ljóst að við erum ekki velkomnir. Við eigum ekki heima hér. „Best að þú farir góði minn,“ eða að það má taka þig og það sem þú ert og gera grín af því og minnka það. Þannig að við erum, venjulega þegar við komum út síðan, við erum ennþá að drepast úr efasemdum um sjálfa okkur. Og eftir þetta tímabil og í því að dila við áfallastreituröskunina geturðu ímyndað þér, þú átt bara mjög erfitt með að treysta fólki og hvað þá öðrum karlmönnum fyrir hjartanu í þér. Það er mega mál, það er mjög erfitt. Og ég er einn af þeim. Ég er ennþá að vinna í þessu trausti gagnvart öðrum karlmönnum. Að geta gefið mig heilshugar í eitthvert samband sem verður síðan ekki traðkað á. Ég man eftir því þegar ég er ástfanginn fyrst þegar ég er sautján ára af gaur sem var þrjátíu og eins árs. Það var ég sem pikkaði hann upp í Vesturbæjarlauginni, ég var predatorinn og það var hot, okkur fannst það hot. Ég man að tilfinningar mínar gagnvart honum voru mjög heiðarlegar og ofsalega fagar. Þetta var fögur mikil ást og sumarið 1987, þetta var mitt summer of love. Og ég var ekkert farinn að spá í að koma út eða eitthvað, ég var búinn að vera nörd. Þú veist, ég var búinn að vera í einhverju nörda hlutverki frá blautu barnsbeini. Ég annað hvort sat alltaf einn aftast í bekknum, eða í miðjunni eða fremst, alltaf einn. Það var alltaf tómmt borð og tómur stóll við hliðina á mér vegna þess að stelpurnar í bekknum elskuðu mig og gera enn. Það eru til útkrotaðar minningarbækur hjá stelpunum með geðveikum teikningum eftir mig. En strákarnir í bekknum stuðuðust við mig og þeir náðu aldrei að locatea það, bara „Hvað er að honum Palla? Af hverju pælir hann bara í Öskubusku?“ Og auðvitað voru þetta litlir strákar sem að höfðu ekki hugmynd um hvað það er að vera gay. Og hvað þá hvað það er að vera gay barn. En staðan var samt þessi að strákarnir gátu ekki setið við hliðina á mér og afleiðingin var sú að ég sat einn vegna þess að stelpur sátu ekki við hliðina á strákum. Þarna lendi ég akkurat á milli. Þannig að þegar maður kemst á kynþroskaaldurinn og þetta að þá leit ég eiginlega á kynlíf sem svona grín og ég upplifði mig ekkert sem einhverja kynveru. Ég vissi ekki einu sinni hvort ég ætti skilið að lifa kynlífi eða verða skotinn í einhverjum at all. Það er ekki fyrr en ég er orðinn sautján ára að þá fékk ég leið á þessu hlutverki og óð bara, ég fór bara í málið í Vesturbæjarlauginni og pikkaði upp gaur sem að ég var búinn að, ég var búinn að vera að njósna um hann í tvö ár, var svo beautiful að það hálfa hefði verið nóg, Ameríkani sem bjó hérna á Íslandi sko in the 80's. Og exótískur í útliti og var að gera jógaæfingar í

sundlauginni. Hversu hot? Þannig að ég lærði þarna að tilfinningar mínar voru bara ekkert grín. Ég var hommi og þessar tilfinningar voru ekkert bara eitthvað flipp. Ég tók þessu mjög alvarlega og það er þess vegna, vegna þess að ég er skotinn í honum, ekki vegna þess að hann síðan reyndist eiga annan kærasta allan tímann og það allt saman, allt þetta ljóta sem gerist í kjölfarið. Það skiptir ekki neinu máli. Tilfinningin og fullvissan um það að ég hafði hæfileikann til þess að verða skotinn í öðrum karlmönnum varð ástæðan fyrir því að ég fór að undirbúa það að koma út. Og það var reyndar hann sem hvatti mig til þess að fara upp í Samtökin '78. Hvað er að gerast? Nei OK.

Það var reyndar hann, minn fyrsti elskhugi, sem hvatti mig til þess að fara upp í Samtökin '78 og hann sagði mér að fara þarna einn, „Ég ætla sko ekki að koma með þér vegna þess að ef að þú labbar einn í gegnum þennan þröskuld þá verðurðu enn stoltari af sjálfum þér fyrir vikið.“ Og ég fer þarna, banka á hurðina á Lindargötunni, skelf á hnjánum af hræðslu af því ég hafði ekki hugmynd um hvað biði mín. Hver opnar hurðina? Þorvaldur Kristinsson. Hann var sá fyrsti sem tekur við mér og þetta er fyrsta samtalið sem ég á við annan íslenskan homma sem talaði tungumálið mitt og þetta var svo raunverulegt. Samtalið var svo jarðtengt og gefandi og á miklu dýpri level heldur en ég hafði nokkurn tímann átt við mína eigin foreldra jafnvel og seinna þegar ég mætti aftur að þá hitti ég hann Einar Örn Einarsson, aftur annað samtal sem var álíka gefandi og beautiful. Báðir hvöttu mig til að stunda bókasafnið, „Lestu það sem þú mögulega getur, horfðu á þessar bíómyndir sem við erum með, drekktu í þig allar þessar upplýsingar hérna vegna þess að þegar þú kemur út þá þarftu að geta svarað þessum spurningum sem munu gossa upp. Og ekki standa á gati“, var mér sagt. Þannig að ég fer í þetta, ég las mér til og kemst að því að það er heill heimur til þarna úti sem ég hafði ekki hugmynd um. Ég var búinn að fá svona nasapef af þessum heimi þegar ég er svona fjórtán, fimmtán, sextán ára. Ég leigði *Rocky Horror* vídjóspóluna á Holtsgötunni þegar ég er fjórtán ára. Pabbi sendir mig upp á vídjóleigu með 200 kall og ég átti að leigja *Silent Movie* eftir Mel Bruce. Svo sé ég að *Rocky Horror* er kominn á vídjóleiguna og það var til eitt eintak og leigði *Rocky Horror*, fer með hana heim, sýni pabbi þetta og pabbi brjálást. Öskrandi og æpandi út um alla íbúð, bilaðist yfir því að ég skyldi hafa eytt 200 kallinum í þennan helvítis viðbjóð, „Hver djöfullinn er þetta“? spyr hann og hristir vídjóspóluna. Og þetta var mynd af Frank 'N Furter í gallanum og það sem varð mér til lífs og haps er að Ásdís, elsta systir mín, hún hafði

sko séð *Rocky Horror* í nýja bíó í gamla daga og í einhverri grafarþögn þá rétti hún mér 200 krónur og setur það í lófann á mér og ég fer með þennan 200 kall til þabba svo hann haldi kjafti og síðan förum við Ásdís niður í kjallara og horfðum á *Rocky Horror*. Sem betur fer voru til tvö vídjótæki á heimilinu þannig að...

*Hrafnhildur: Ein mínúta.*

Sem betur fer voru til tvö vídjótæki á heimilinu þannig að ég gat spilað *Rocky Horror* með öðru eyra og tekið upp, kóperað spóluna með hinu. Í fyrsta sinn sem ég horfði á *Rocky Horror* þá skildi ég ekki alveg hvað var að gerast en ég var forvitinn. Mig langaði að horfa á hana aftur og aftur og aftur. Svo stúderaði ég hana og þarna held ég að við þurfum að stoppa. Ef þú átt ekki meira pláss.

Þannig að ég gat horft á *Rocky Horror* aftur og aftur og aftur og stúderað hana síðan og ég fékk eitthvað svona fiðrildi í maganum. Aftur á móti þá vaknaði ég sextán ára þegar ég sé mynd sem heitir *Pink Flamingos* eftir John Waters og þar er Divine dragdrottningin. 150 kg af fegurð og hún var geðveik í þessari mynd og þetta er svona pönk mynd gerð 1972. Hún er klæðskerasniðin hönnuð til að sjokkera fólk og gengur ansi langt yfir línuna en þarna sat ég fyrir framan sjónvarpið og gapti. Mig langaði helst til þess að snerta sjónvarpsskjáinn af því hér var ég búinn að finna mitt fólk. Þetta er fólkið mitt. Það er eitthvað fólk þarna úti í heimi sem hefur nákvæmlega sama húmor og ég, nákvæmlega sama nastý ógeðslega húmorinn, nákvæmlega sama viðhorfið, attitudeið og eitthvert filtersleysi sem ég filaði bara og tengdi við. Þannig að ef *Rocky Horror* gerði smá sprungu á glerið hjá mér að þá kom *Pink Flamingos* og „pff“ braut glerrúðuna og ég sem sagt gerði mér grein fyrir því að, mhm, þetta er ég. Allar líkur á því að ég sé hommi. Og að vera hommi gengur ekki bara sem sagt út á kynlífið, heldur líka húmorinn þinn, lífsviðhorf, hvernig kemur þú fram við fólk? Hvernig er hjartalagið í þér? Og veistu, mér er eiginlega slétt sama hvort þú sért hommi, lesbía, kynsegin, fyllir út allt stafrófið. Hvort þú sért stór, lítill, feitur, mjór, hver húðliturinn á þér er, af hvaða stöðu eða stétt þú ert, ekkert af þessu skiptir mig neinu máli. Það sem skiptir mig máli er hjartalagið í þér og karakterinn. Hvaða manneskju hefur þú að geyma? Ertu heiðarleg manneskja eða óheiðarleg? Hvernig kemur þú fram við annað fólk? Klárar þú verkefnið sem

þú byrjar á? Getur þú komið mér til að hlæja? Líður mér vel í herberginu með þér? Veistu, allt þetta hefur ekkert með kynhneigð, kynvitund eða kyngervi að gera.

*Hrafnhildur: Ein spurning, getur þú, ert þú rétti maðurinn til þess að segja okkur frá því hvort að þú hafir upplifað Samtökin, á sínum tíma, í kringum niutíu og eitthvað og svona fram til já, the disaster, 2016, upplifir þú Samtökin þannig að fólkið sem að stóð í þessari réttindabaráttu var ekki beint að skipta sér af stjórnmálaskoðunum, að það væri þvert á flokka?*

Sko málið er að, ég er ekki rétti maðurinn til að segja þetta.

*Hrafnhildur: Einmitt.*

Ég hef aldrei unnið neitt fyrir Samtökin '78. Ég er búinn að vera félagsmaður þarna síðan ég labbaði þarna inn en félagsstörf finnast mér vera ógeð, ég sko sofna við fundarborðið um leið og það er sagt fundur er settur, plaff. Þannig að ég hef gríðarlega lítinn áhuga á fundarstörfum og félagsmálum. Ég á í einhverja svona ástar-haturs sambandi við pólitík, mér hefur aldrei þótt pólitík gera í rauninni neitt gott og ég hef ævilangt orðið fyrir vonbrigðum með fólk sem ég hef kannski treyst á í pólitík þannig það er gríðarlega mikill breyskleiki þar. Aftur á móti þá, eða kannski mín pólitík hún liggur fyrst og fremst í einhverju sem hægt er að kalla mannréttindabaráttu. Svona frekar pottþétt pólitík, þú veist ég er alveg í liði með svöngu börnunum í Afríku og svona eitthvað sem flestir eru sammála um. Aftur á móti þá þurfti ég svo að reka mig á það að það eru ekki bara allir í liði með svöngu börnunum í Afríku. Og hafa bara allt aðrar hugmyndir um lífið og tilveruna heldur en ég. Þannig að þar þurfti ég að fara að taka ákvörðun og þar þurfti ég melda mig svolítið pólitískt og kemst að því að ég er mun meira vinstrisinnaður og hef alltaf verið meira til vinstri heldur en hægri. Aftur á móti get ég sagt þér það sem ég var mest hissa á, uppi í Samtökunum '78. Rosalega var ég hissa þegar ég lærði það loksins að það eru til hommar í Sjálfstæðisflokknum og gay repúblíkanar og það tók mig rosalega langan tíma að komast yfir það og, þú veist, hvernig getur þú verið repúblíkani þegar þeir vinna gegn þér beint. Mér fannst þetta ákaflega furðulegt en ég þurfti að setta mig við það og það tók mig ofsalega langan tíma að setta mig við það, bera virðingu

fyrir skoðunum annars hinsegin fólks og læra það að skoðanir okkar eru bara ekki eins. Og læra það að við erum ekki einhver ein stór fjölskylda, blah, sem er verið að reyna að mála af okkur mynd stundum. Við erum ekki einhver hópur af fólki sem að hittist á fönnum vegi og helst í hendur og myndar hring og dansar saman. Nei, þetta gerist nefnilega ekki. Við erum jafn misjöfn og við erum mörg. Við erum til staðar í öllum stéttum þjóðfélagsins og öllum myndum þjóðfélagsins. Við erum ballerínur og hárgreiðslufólk og líka trukkadriverar og sjómenn, við erum í menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu og pólitíkusar og listamenn. Við erum, við komum við sögu hreint og beint alls staðar þannig að, við erum ekki að fara að dansa einhvern dans saman, því miður. Þetta er ekki þessi fjölskylda sem af er látið.

*Hrafnhildur: Gott.*

Svolítill downer en...

*Hrafnhildur: Segja eitthvað meira?*

Það hræðilegasta sem ég hef upplifað í lífinu og það versta sem ég veit er húmorslaust hinsegin fólk. Þetta er beyond hræðilegt að vera með kynhneigðina eða kynvitundina á bakinu, þú veist. Ég ætla að segja þetta aftur. Það hræðilegasta sem ég veit og það hrikalegasta sem ég hef upplifað er húmorslaust hinsegin fólk. Hræðilegt að þurfa að burðast með kynvitundina, burðast með kynhneigðina á bakinu. Ekki, plís, líta á þína kynvitund eða kynhneigð sem örlög. Þetta er gjöf til þín frá náttúrunnar hendi og þér ber að fara vel með þessa gjöf, hugsa jákvætt um hana og gefa hana síðan áfram út í kosmósið. Ég reyni að hommast eins mikið og ég mögulega get fyrir þessa þjóð og það er best vegna þess að þegar ég er hér að hommast eins mikið og ég mögulega get fyrir framan alþjóð að þá er ég þar með að undirrita þennan sáttmála við náungann og þennan sáttmála við þjóðina sem við verðum að endurnýja stöðugt. Ekki líta á þína kynhneigð sem örlög, þetta er gjöf. Þetta er gjöf frá náttúrunnar hendi og þú verður að gefa hana áfram. Þú ert einn litur í stóra litrófinu og það er nóg pláss fyrir okkur öll. Nóg pláss.

Já. Ég ætla að segja þetta aftur.

Ekki líta á þína kynhneigð eða kynvitund sem örlög. Plís, það fer svo mikil orka í það, dýrmæt orka sem þú þarft að nota í eitthvað allt annað. Reyndu plís að hafa smá húnor fyrir þessu af því hann fleytir þér mjög langt og það er bara miklu meira heillandi. Það nenna fleiri að vera samferða þér í gegnum lífið. Þetta er gjöf til þín frá náttúrunnar hendi og það besta sem þú getur gert er að fara eins vel með þessa gjöf, líta á hana eins jákvætt og hægt er og gefa hana áfram vegna þess að þú ert bara einn litur, einn beautiful litur, í litrófi náttúrunnar. Og það er nóg pláss í þessu litrófi fyrir okkur öll.

*Hrafnhildur: Mjög gott.*

Ég ætla að monta mig. Mhm. Ég ætla að monta mig, það sem er merkilegt við mig í stóra samhenginu er að ég er fyrsti homminn á Íslandi sem verð barna- og unglíngastjarna. Ég hef aldrei gefið neinn afslátt af hommanum í mér, ólíkt öðru fólki, og ég næ, sérstaklega í kringum 1993, að verða svona súper poppstjarna á borð við Emmsjé Gauta og Jóa P og Króla og ferðast síðan í alla grunnskólana, allar félagsmiðstöðvarnar, alla framhaldsskólana og líka Hestamannafélagið Fák. Málið er, það var bara gríðarlega mikilvægt á þessum tíma að hinsegin fólk fengi einhvern fulltrúa þarna inn vegna þess að börnin sem ég var að troða upp fyrir með Stuð plötunni '93 eru núna í dag vaxin úr grasi, þau standa á fertugu og þau eru búin að eignast sín börn og mættu með þau. Þau mættu með sín börn. Sko, þessi börn mættu með sín börn á tónleikana í Laugardalshöllinni um daginn.

Á ég að umorða þetta? Af því þetta er staðreynd nefnilega. OK nú ætla ég að monta mig. Það sem er merkilegt við mig og mína persónu í stóra samhenginu er að ég er fyrsti íslenski homminn sem verð súperstjarna, poppstjarna, sem nær til barna og unglínga á Íslandi. Þetta hafði aldrei gerst, ég næ að breaka poppmúrinn með engum afslætti. Homminn í mér mætir þarna filterslaus inn og ég veitti engan afslátt, ólíkt sumum, og ég næ að túra allar félagsmiðstöðvarnar og alla grunnskólana, framhaldsskólana, bara á svipuðu leveli eins og Emmsjé Gauti og Jóa P og Króli. Mig langaði að verða, nefnilega, poppstjarna sem væri bara í massífri samkeppni við Bubba Morthens, þú veist, bara við stærsta liðið. Þetta var bara gríðarlega mikilvægt starf og ég nennti að standa í þessu, ég nennti að fara í öll þessi viðtöl

sem innihéldu öll einhvers konar hommaspurningar, færri höfðu áhuga á þessari tónlist, ég var beðinn um að mæta í hommaviðtöl vinstri og hægri og reyndi að svara þeim eftir bestu getu. En ég nennti þessu, að standa vaktina á þennan hátt, af því ég var að vona að ég væri að planta fræjum vonandi í hjartað á einhverju af þessum börnum sem myndu lesa þetta og í hausinn á einhverjum foreldrum. Eða einhverjum pabba sem síðan þyrfti seinna að dila við það að barnið hans væri gay. Ég vildi nefnilega ekki að viðbrögð þessara foreldra yrðu þau sömu og hjá pabba mínum sem brjálaðist þegar ég kom út úr skápnum. Þetta var bara ég að reyna að fyrirbyggja nákvæmlega það.

Í dag þá bætast alltaf við bókstafirnir og fleiri og fleiri hugtök eru alltaf að kíkka inn, fólki skilgreinir sig alltaf á nýjan og nýjan hátt. Ég sjálfur get til dæmis ekki, með góðri samvisku, sagst vera 100% karlmaður. Mér líður eins og ég sé að ljúga. Ég get ekki heldur sagt að ég sé 100% kona, ég er að ljúga. Aftur á móti þá get ég með góðri samvisku sagt að ég sé 80% karlmaður, 70%, og 20 til 30% kona, ég er á einhverju 20/30% kvenrófi og mér líður strax betur í skrokknum bara við að segja þetta upphátt. Og aftur á móti þá gef ég ekki mikið fyrir hugtakið „kynsegin“. Ég er svo sáttur við að kalla mig homma vegna þess að mér finnst orðið „hommi“ gefa nefnilega möguleikann í báðar áttir, bæði fyrir konuna í mér og karlmanninn í mér. Ég er samsettur úr best of both worlds. Ég fékk allan pakkann. Ég er svo heppinn.

*Hrafnhildur: Mjög gott.*

Var það ekki bara?

